





DEILISKIPULAG FYRIR BREIÐADALSVIRKJUN II Í BREIÐADAL ÖNUNDARFIRÐI




STÆKKUÐ MYND 1:500




STÆKKUÐ MYND 1:500

HNITASKRÁ	
A	X=301472.2940 Y=620731.3777
B	X=301500.0000 Y=620742.6631
C	X=301509.3198 Y=620720.0048
D	X=301481.5302 Y=620708.6854



UPPDRATTUR 1:1500

SKÝRINGAR	
Skipulagsmörk	---
Byggingarreitur	---
Inntök	---
Þrýstilögn	---
Jarðstrengur	---
Bílastæði starfsm.	---
Ný veltenging	---
Fornleifar	---
Rotþró	---



SNID - A - Í BYGGINGARREIT 1:500

1. INNGANGUR

Orkuvinnsla ehf. fyrirhugar að byggja smárafstöð í landi sínu Veðrárá II í Breiðadal. Fyrir rekur Orkuvinnslan virkjun sem ber heitið Breiðadalsvirkjun á jörðinni.

1.1 Aðdragandi og tilgangur

Orkuvinnslan hefur rekið Breiðardalsvirkjun síðan 2012 í landi Veðrárá II og er sú virkjun tengd inn á dreifikerfi Orkubús Vestfjarða.

Áform Orkuvinnsunnar er að nýta það vatn sem fellur frá stöðvarhúsi núverandi virkjunar ásamt vatni úr Breiðardalsá og þverlæk sem heitir Þverá. Með þessu móti er verið að nýta betur þá aðstöðu sem áður hefur verið sett upp og styrkja enn betur raforkuöryggi á svæðinu. Um er að ræða allt að 200kW smávirikjun án uppistöðulóns.

1.2 Umhverfismat

Virkjunin er það lítil að hún er ekki tilkynningarskyld skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 105/2006. Þar með er deiliskipulagið ekki háð umhverfismati skv. lögum um umhverfismat áætlanana nr. 106/2000.

1.3 Tengsl við aðrar áætlanir

Ekki liggur fyrir deiliskipulag af fyrirhuguðu svæði. Í aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 er fyrirhugað svæði skilgreint sem öbyggt svæði. Í aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar er heimild fyrir smávirikjunum allt að 200 kW án uppistöðulóns og mun fyrirhuguð virkjun verða innan þess ramma.

1.4 Landfræðilegar aðstæður

Fyrirhuguð virkjun verður byggð í landi jarðarinnar Veðrárá II, sem tilheyrði áður jörðinni Veðrárá, sem er sunnan Breiðdalsár í Breiðadal. Veðrárá II er opið svæði með jarðarmörk frá heimkeyrslu að Fremri Breiðdal, þaðan upp á Veðrárárfjall og eftir fjallgarðinum að Breiðdalsheiði og niður eftir Breiðdalsá að heimkeyrslunni að Fremri Breiðadal. Breiðdalur opnast í suðvestur. Jarðgöng undir Breiðdalsheiði eru fremst í dalnum. Breiðdalsá rennur niður miðjan dalinn til sjávar.

1.5 Fyrirliggjandi byggð

Engar byggingar eru innan svæðisins fyrir utan stöðvarhús Breiðdalsvirkjunar. Bærin Fremri Breiðadalur er staðsettur um miðbik neðarlega í Breiðadal norðan við Breiðdalsá. Ræktuð tún eru bæði fyrir ofan Fremri Breiðadal norðan árinna og einnig beggja vegna árinna neðan við bæinn. Eftir dalnum liggur þjóðvegur 60 sem tengir saman byggðakjarna á norðanverðum Vestfjörðum.

1.6 Náttúrufar

Gröðurfar á svæðinu hefur lítið verið rannsakað en líklegt er að það sé svipað og víðast í nágrenninu. Hliðar Breiðdals eru grasi grónar neðst, ofar í hliðunum er lyng og mosavaxnar grjótskrúður en lítt grónar ofar í bröttum fjallshliðum.

1.7 Náttúruminjar

Engar náttúruminjar eru skráðar á skipulagssvæðinu

1.8 Menningarmínjar

Framkvæmdasvæðið var að mestu leyti skráð í vegna Ísafjarðarlínu árið 2014. Ekki fundust neinar mínjar á þeim hluta svæðisins. En utan þess svæðis er gamalt sel sem er merkt inn á uppdráttinn.

1.9 Náttúruvá

Hætta er á snjóflóðum á svæðinu og munu mannvirki taka mið af því. Stöðvarhús verður að mestu leiti niðurgrafið. Einnig verður þrýstipípa niðurgrafin. Ekki verður um mannaða starfsstöð að ræða og ekki þörf að þjónusta virkjunina ef að hætta á ofanflóðum stöðjar að.

2 Deiliskipulag

2.1 Landnotkun

Deiliskipulagið tekur til hluta af Breiðdalsár og er skipulagssvæðið að stærstum hluta í landi Veðrárá II. Fyrirhuguð virkjun mun verða fyrir neðan stöðvarhús Breiðdalsvirkjunar og nýtir það vatn sem rennur frá henni. Einnig er fyrirhugað að nýta vatn úr Breiðdalsá og Þverá til viðbótar.

2.2 Byggingar- og framkvæmdareitir

Byggingarreitur fyrir stöðvar virkjunarinnar er 743m² og staðsettur neðst á skipulagssvæðinu. Innan byggingarreits er heimilt að reisa allt að 200m² stöðvarhús á einni hæð. Hæð stöðvarhúss skal að hámarki vera 5m. Húsið verður niðurgrafið fyrir utan suðurhlíð sem er aðkomuhlið byggingarinnar. Gert er ráð fyrir aðstöðu fyrir starfsmann, salerni og kaffiðaðstöðu. Einnig er gert ráð fyrir geymslu fyrir vélar og tæki sem eru nýtt til að þjónusta virkjanirnar Breiðdalsvirkjun og Breiðdalsvirkjun 2. Inntaksþrær skulu vera staðsett innan svæðisins. Ekki er skilgreind loð fyrir mannvirkin. Fella skal mannvirkin að landslagi og öllu raski skal haldið í lágmarki.

2.3 Vatnsafl, rennsli og virkjað afl

Gert er ráð fyrir að afl virkjunarinnar geti verið allt að 200kW. Inntaksþró verður fyrir neðan stöðvarhús Breiðdalsvirkjunar. Einnig verður inntaksþró í Breiðdalsánni við hlið stöðvarhús Breiðdalsvirkjunar. Neðan inntaksþróar verður rennsli breytilegt eftir aðstöðum. Affassvatn virkjunarinnar er leitt aftur í Breiðdalsá.

2.4 Þrýstivatnspípa

Gert ráð fyrir að leiða vatn frá lóninu í allt að 900m langri pípu í hverfil í stöðvarhúsi. Gert er ráð fyrir að pípan verði niðurgrafin og að efni á staðnum verði nýtt í framkvæmdina. Lögð er rík áhersla á vandaðan frágang vegna jarðrasks. Vardveita skal efsta svarflagið af pípuþæðinu þannig að gróður eigi góða möguleika á að ná sér á strik og ná jafnvægi við upprunalegt umhverfi.

2.5 Veitur

Öll fráveita skal vera í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skölp og kröfur heilbrigðiseftirlitis Vestfjarða. Almenn fráveita skal leidd í rotþró og skal staðsett innan byggingarreits viðkomandi byggingar.

2.6 Aðkoma og bílastæði

Gert er ráð fyrir að aðkoma að stöðvarhúsi verði um 50m langa heimreið frá heimreiðinni að Fremri-Breiðadal. Vegurinn skal felldur vel að landslagi og öllu raski haldið í lágmarki. Gert er ráð fyrir tveimur bílastæði við stöðvarhúsið. Bílastæði skal sýnt á aðalteikningu. Ekki er gert ráð fyrir heimreið að stíflumannvirkjum.

2.7 Lýsing

Lýsing er heimil á svæðinu en hún skal hæfa tilefninu á hverjum stað, bæði hvað varðar ljósmagn og útlit. Gæta skal sérstaklega að hún valdi ekki óþarfa ljósmengun.

2.8 Frágangur

Lögð er áhersla á að landmótun á svæðinu verði í lágmarki og að frágangur verði vandaður.

AUGLÝSINS OG SAMPYKKTIR

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1.

mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt

í Skipulags- og mannvirkjanefnd þann _____ og í bæjarstjórn _____.

Tillagan var auglýst frá og með _____

með athugasemdafresti til _____

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild

Stjórnartíðinda þann _____

Verk:		BREIÐADALSVIRKJUN II	
Efni:		DEILISKIPULAG	
Mælikvarði:	1:1500,1:500	Frumstærð blaðs:	A1
Teiknaði:	JGM	Verknr:	20-19
Yfirfarið:	HP	Dagsetn.útgáfu:	20.04.2021



HUGRÚN ÞORSTEINSDÓTTIR
Arkitekt FAI - kt. 110972-3429
sími: 862 6099
hugrun@m11.is
JÓN GRÉTAR MAGNÚSSON
Byggingafræðingur - kt. 010573-4679
sími: 866 6099
jon@m11.is